

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Svalbarðsstrandarhreppi.

*Deiliskipulagsbreytingar, Valsárhverfi.*

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps samþykkti á fundi sínum 8. október 2019 breytingu á deiliskipulagi fyrir Valsárhverfi á Svalbarðseyri. Í breytingunni felst að skipulagi lóða nr. 11, 13 og 15 í Bakkatúni er breytt á þá leið að í stað fjögurra íbúða raðhúsa verði heimilt að byggja par- eða einbýlishús á lóðunum. Við breytinguna fjölga lóðum um tvær þannig að alls verða byggingarheimildir fyrir 10 íbúðum í parhúsum á lóðum nr. 11, 13, 15, 17 og 19 þar sem fyrra deiliskipulag gerði ráð fyrir alls 12 raðhúsaíbúðum á lóðun nr. 11, 13 og 15. Samhliða þessu breytist númer lóðar nr. 17 í númer 21.

Breytingin telst óveruleg með tilliti til gr. 5.8.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 43. og 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. Svalbarðsstrandarhrepps, 18. mars 2020,*

**Vigfús Björnsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 1. apríl 2020